

## Færslur endurvinnsluefnis milli flokka.

Stundum innifela vigtartölur fleiri en einn flokk þannig að nauðsynlegt reynist að færa magn á milli flokka. Þæði getur þetta gerst t.d. þegar plastumbúðum er safnað með pappaumbúðum í sama gámi og einnig þegar plastumbúðum er safnað undir floknum Annað plast en ráðstafað úr öllum flokkum eftir nánari flokkun. Þá þarf að færa milli flokka í skilagrein. Hér eru leiðbeiningar um það.

- Innvigtun er of mikil og inniheldur efni sem ekki tilheyra Úrvinnslugjaldskerfinu. Þetta á við um leiðréttigar þar sem uppsafnaðar villur í vigtartölum leiða til þess nauðsynlegt er að leiðréttu lagerstöðu. Þessi uppsöfnun getur stafað af því að tölur eru rúnnaðar upp eða vegna þess að vatn eða snjór þyngir bílana.

### Í söfnunarhluta skilagreinar er:

- ❖ Magnið skráð sem mínus tala
- ❖ Póstnúmer 100 !!!!
- ❖ **Uppruni er L**

- Efni færist á milli flokka í Úrvinnslugjaldskerfinu en innan flokka sem ber með sér sömu greiðslur fyrir flutningsjöfnun (Umbúðir – Heyrúlluplast – Hjólbarðar – Spilliefni – SpilliefniO - SpilliefniR).

### Í söfnunarhluta skilagreinar 1 er:

- ❖ Magnið skráð sem mínus tala
- ❖ Póstnúmer 100 eða annað ef vitað
- ❖ **Uppruni er A - eða F ef það er vitað**

### Í söfnunarhluta skilagreinar 2 er:

- ❖ Magnið skráð sem plús tala
- ❖ Póstnúmer er eins og í skilagrein 1
- ❖ **Uppruni er sá sami og í skilagrein 1**

- Efni færist á milli flokka í Úrvinnslugjaldskerfinu en milli flokka sem bera ekki með sér sömu greiðslur fyrir flutningsjöfnun (Umbúðir – Heyrúlluplast – Hjólbarðar – Spilliefni – SpilliefniO - SpilliefniR).

### Í söfnunarhluta skilagreinar 1 er:

- ❖ Magnið skráð sem mínus tala
- ❖ Póstnúmer sama og upphaflega
- ❖ **Uppruni er A eða F ef það er vitað**

### Í söfnunarhluta skilagreinar 2 er:

- ❖ Magnið skráð sem mínus tala
- ❖ Póstnúmer er eins og í skilagrein 1
- ❖ **Uppruni er sá sami og í skilagrein 1**

Almennt gildir að skrá alltaf það sem er vitað. Ef umbúðir úr plastfilmu koma í bylgjupappagánum frá fyrirtækjum þá er filman frá fyrirtækjum líka og skráist með uppruna F við leiðréttingu milli PAPBYL og PLAFIL.

Uppruni L er eingöngu notaður til að leiðréttta lagerstöðu, ekki ef magnið færist af einum lager yfir á annan.

Þegar magn er fært milli flokka með mismunandi flutningsjöfnun þarf að gefa póstnúmer sem er eins rétt og hægt. T.d. notar þjónustuaðili í Eyjafirði þá póstnúmer 600 sem nálgun fyrir allt svæðið.